

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 63/2025

2025/EES/38/21

frá 14. mars 2025

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2221 frá 6. september 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkestímabilunum fyrir virku efnin asekínósýl, álsílikat, emamektín, fitusýrur C7 til C20, pendímetalín, plöntuolíu/repjuolíu og tríklópýr ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2390 frá 6. september 2024 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu metrafenóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32024 R 2221:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2221 frá 6. september 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2221, 9.9.2024),

– **32024 R 2390:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2390 frá 6. september 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2390, 9.9.2024).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzzzzw (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2197):

„13zzzzzzzzzzzzzx. **32024 R 2390:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2390 frá 6. september 2024 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu metrafenóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L, 2024/2390, 9.9.2024).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/2221 og (ESB) 2024/2390, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2221, 9.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2221/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2390, 9.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2390/oj

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.